LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

Seltjarnarnes 10. nóvember2026.

Velfarðanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis

Efni: Umsögn Ljósmæðrafélags Íslands um mál nr. 232 – Breyting á ýmsum lögum vegna viðbragða við lyfjaskorti o.fl.

Ljósmæðrafélag Íslands þakkar fyrir að fá tækifæri til að senda inn umsögn um leið og við fögnum því að lögð er til heimild til útvíkkunar á ávísanaheimild ljósmæðra á lyfjum.

Við gerum þó enn athugasemdir við það að ávísanaheimild ljósmæðra verða bundin við starfsstöðvar ljósmæðra.
Ljósmæður vinna víða sjálfstætt utan stofnana, m.a. við fæðingar og sængurlegu. Við teljum það mikið öryggisatriðið gagnvart okkar skjólstæðingum að ljósmæður sem starfa sjálfstætt utan starfsstöðva t.d. við fæðingarhjálp í heimahúsum hafi ávísanaheimild á þau lífsnauðsynlegu lyf sem þarf sbr. kafla 3.3 bls. 11-12 í meðfylgjandi skýrslu:
Mönnun ljósmæðra nú og til framtíðar með áherslu á sem besta nýtingu fagþekkingar ljósmæðra innan heilbrigðisþjónustunnar - Skýrsla starfshóps

Til að fyrirbyggja blæðingu eftir fæðingu
Syntocinon, Methergin og Cytotec
Lyf sem gefin eru til að fyrirbyggja blæðingu eftir fæðingu og/eða draga úr blæðingu eftir fæðingu. Þetta eru lyf sem er nauðsynlegt að hafa til taks í öllum fæðingum.
Ef um blæðingu eftir fæðingu er að ræða eru eftirfarandi greiningar heilsuvanda til grundvallar:
O72.0 Blæðing með fastri fylgju,
O72.1 Önnur blæðing strax eftir fæðingu - Atony,
O72.2 Síðkomin blæðing eftir fæð. - blæðing m/föstum fanghl.,
O72.3 Storkugallar eftir fæðingu,
O73.0 Föst fylgja án blæðingar“.

Önnur lyf sem ljósmóðir þarf að hafa tiltæk og bjóða skjólstæðingum í forvarnarskyni eru:
Bricanyl
Til að draga úr hríðum vegna hugsanlegrar fósturstreitu og/eða þörf er á flutningi á hærra þjónustustig.
Xylocain deyfing
Notað til að deyfa spöng móður ef verður spangarrifa og þörf er á að sauma.

K-vítamín
Til fyrirbyggingar innri blæðinga hjá nýburum. Ráðlagt að gefa öllum nýburum sem fyrst eftir fæðingu til að stuðla að eðlilegri myndun blóðstorku. Hér er um fyrirbyggjandi lyfjagjöf að ræða til fyrirbyggingar innri blæðinga hjá nýburum“.

Rhophylac
Til að fyrirbyggja myndun rauðkornamótefna. Móðir sem er Rh neg og fæðir barn sem er Rh pos samkvæmt blóðprufu þarf að fá and-D (Rh) mótefni innan 72 tíma frá fæðingu barns. Hér er um fyrirbyggjandi lyfjameðferð að ræða sem er ákvörðuð út frá niðurstöðu blóðrannsóknar sem gerð er á blóðsýni sem tekið er úr naflastreng barns við fæðingu.

Ljósmæðrafélag Íslands er tilbúið að koma fyrir velferðanefnd og fylgja okkar umsögn eftir.

Með vinsemd fyrir hönd stjórnar Ljósmæðrafélags Íslands

Unnur Friðriksdóttir